

Lions fjölumdæmi 109

Starfsárið 2016 – 2017.



Ársskýrsla

Fjölumdæmisráðs

Árni Brynjólfur Hjaltason fjölumdæmisstjóri

Inngangur

Það var í lok árs 2014 að haft var samband við mig, um að bjóða mig fram til varafjölumðæmisstjóra, starfsárið 2015-2016. Ég átti síðar langt samtal við Pálma Hannesson fyrrverandi fjölumðæmisstjóra, sem hvatti mig eindregið til að bjóða mig fram. Ákvað ég að gefa mér smá umhugsunartíma fram yfir áramótin. Ég fór að fá fleiri símtöl þar sem aðrir viðruðu þessa hugmynd við mig og ákvað ég síðan að slá til. Um vorið 2015 var ég síðan kosin varafjölumðæmisstjóri á þinginu á Seyðisfirði. Með því hófst undirbúningur minn til embættis fjölumðæmisstjóra, þar sem ég fylgdist með og lærði af Guðmundi Helga Gunnarssyni fjölumðæmisstjóra. Guðmundi vil ég þakka kærlega fyrir allan þann tíma og upplýsingar varðandi embættið. Það var svo á vordögum 2016 á þinginu í Mosfellsbæ að ég var kosinn fjölumðæmisstjóri fyrir starfsárið 2016-2017. Mig langar að þakka öllum þeim sem hafa stutt mig og aðstoðað í embættinu, sérstaklega þeim heiðurshjónum, Guðmundi Helga Gunnarssyni ritara mínum í fjölumðæmisráði og eiginkonu hans Hrund Hjaltadóttur ritara mínum á fundum fjölumðæmisstjóra Norðurlandana. Þetta starfsár var Ísland með formennsku CC hópsins og því var mikið að gera varðandi undirbúning funda fjölumðæmisstjóra Norðurlandana. Það er ómetanlegt að hafa haft Hrund, þennan mikla reynslubolta, sér við hlið í þessu embætti við undirbúning og á fundum fjölumðæmisstjóra Norðurlandana. Hrund kærar þakkir. Ég hef haft gott samstarfsfólk í vetur og mig langar að þakka ykkur öllum kærlega fyrir samstarfið þetta starfsár.

Alþjóðáþingið

99 Alþjóðáþing Lions var haldið dagana 24-28 júní í Fukuoka í Japan.

Þeir íslendingar sem sóttu þingið ásamt mér og eiginkonu minni Hafdís Friðriksdóttur, voru Gunnar Vilbergsson umdæmisstjóri 109A og eiginkona hans Margrét Gísladóttir, Björg Bára Halldórsdóttir umdæmisstjóri 109B og eiginmaður hennar Sigurjón Bjarnason, Einar Helgason sem var Lionsljósmyndarinn í ferðinni, Kristín Þorfinnsdóttir, Kristinn Hannesson og eiginkona hans Dagný Finnsdóttir og síðast en ekki síst, Guðrún Björt Yngvadóttir og Jón Bjarni Þorsteinsson ásamt börnum og barnabörnum.

Kosinn var nýr alþjóðaforseti fyrir starfsárið 2016-2017,

Robert "Bob" E. Corlew frá Milton Tennessee í Bandaríkjunum.

Eiginkona hans er Dianne, en hún er einnig Lionsfélagi.

Á þinginu var okkar kona, Guðrún Björt Yngvadóttir, kosin 2.varaforseti alþjóðahreyfingar Lions og fékk hún mjög góða kosningu.

Fjölumðæmisráðsfundir

Fyrsti fundur fjölumðæmisráðs, sem var sameiginlegur fundur umdæma og fjölumðæmis var haldinn laugardaginn 3.september á Radisson Blu Hótel Sögu.

Góð mæting var á fundinn, en sérstaklega var ánægjulegt að sjá hversu margir svæðisstjórar sóttu fundinn.

Sú nýbreytni var þetta starfsár, að fræðsluteymið var með framhald af svæðisstjóráskólanum á föstudeginum, en það hafði mikið að segja varðandi þátttöku svæðisstjóra á laugardagsfundinum. Annar fundur fjöllumdæmisráðs, var haldinn laugardaginn 26.nóvember á Radisson Blu Hótel Sögu. Þar var meðal annars á dagskrá „Framtíðarstefnumótun Lions“ þar sem skipt var niður í fjóra umræðuhópa, Kristján Kristjánsson fjallaði um „Stjórnun og forystu“ . Guðrún Björt Yngvadóttir fjallaði um „Félagsþróun og fræðslu“. Daníel Þórarinsson fjallaði um „Verkefni og fjáraflanir á landsvísu“. Björg Bára Halldórsdóttir fjallaði um „Kynningarmál“.

Góðar umræður voru eftir á og verður unnið áfram með niðurstöður umræðuhópana.

Þann 1.apríl, héldu fjöllumdæmisráð og umdæmin tvö, sinn þriðja og síðasta fund á starfsárinu. Um kvöldið var síðan kvöldverður félagi í fjöllumdæmisráði, umdæmum 109A og 109B ásamt þeirra mökum.

Félagamál

Í lok febrúar voru send út bréf til allra klúbba og reyndar fór það svo að bréfið var sent út á alla Lionsfélaga í landinu. Í bréfinu voru Lionsfélagar m.a. hvattir til þess að huga vel að innra starfi klúbbsins, skipulagi starfsins og að þróa starfið í takt við vilja félaganna og tíðarandann. Það er reyndar áhyggjuefni hvað margir félagar virðast ekki vera með rétt skráð netfang þannig að fjölpóstur ratar ekki til þeirra. Leiða má líkum að því að þetta séu oft á tíðum einmitt þeir félagar og klúbbar sem helst þyrftu á því að halda að fá hvatningarpóst frá hreyfingunni. Munum að uppbygging og skipulag hreyfingarinnar, val verkefna og innra starf er það sem mestu ræður um hvernig okkur gengur í náinni framtíð. Verum óhrædd við að skoða breytingar.

Evrópuþingið

Evrópuþing Lions var haldið dagana 27-29 október í Sofíu, höfuðborg Búlgaríu. Auk mín sóttu það, Hafdís Friðriksdóttir eiginkona mín, Hrund Hjaltadóttir AU nefndar formaður Norðurlandanna, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir ungmennaskiptastjóri og eiginmaður hennar Ólafur Thordersen, Árni Viðar Friðriksson alþjóðasamskiptastjóri og eiginkona hans Gerður Jónsdóttir menningarstjóri, Guðrún Björt Yngvadóttir 2.vara-alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar og eiginmaður hennar Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrverandi alþjóðarstjórnarmaður.

Fjöllumdæmisstjórar Norðurlandana funduðu á fimmtudeginum og föstudeginum. Margir fyrirlestrar voru þessa þrjá daga og völdum við okkur fyrirlestra sem okkur þótti athyglisverðir. Gaman er að sjá hvað Norðurlöndin standa vel saman í Lionsverkefnum víðsvegar um heiminn.

NSR

Norðurlandþing Lions (NSR) var haldið dagana 19-21 janúar á Radisson Blu Hótel Sögu. Undirbúningur þingsins var í höndum þingnefndar NSR, en Þór Steinarsson var formaður þingnefndar, ásamt þeim Margréti Jónsdóttur og Herði Sigurjónssyni. Ég vil þakka nefndinni kærlega fyrir góðan undirbúning og gott skipulag, en fundarmenn höfðu á orði hversu skipulagt og vel heppnað þetta þing var. Ykkur hinum sem komu að þinginu á einn eða annan hátt, vil ég þakka kærlega fyrir ykkar framlag.

Við fjöllumdæmisstjórar Norðurlandanna ákváðum að allt efni yrði rafrænt, enginn pappír, þannig að þátttakendur nálguðust allt efni á heimasíðu Lions.

Tölvusérfræðingarnir okkar þeir Skúli G. Ingvarsson og Jón Pálmason sáu til þess að á þessu þingi yrði lítill sem enginn pappírinn notaður.

Við megum öll vera stolt af því hversu vel tókst til.

Ásta Sigmundsdóttur 100 ára stofnfélagi í Lkl. Ýr í Kópavogi og Melvin Jones félagi, var heiðruð af alþjóðaforseta í tilefni af 100 ára afmæli Lions.

Guðrún Björt Yngvadóttir annar vara alþjóðaforseti afhenti henni viðurkenninguna á NSR þinginu.

Kynningamál og Aldarafmælisnefnd

Þann 1. júlí sl. tók Hörður Sigurjónsson við embætti kynningarstjóra og Pálmi Hannesson við embætti aldarafmælisstjóra.

Kynningar- og aldarafmælisnefnd hreyfingarinnar stóðu saman að kynningu á Lionshreyfingunni á Íslandi í Kringlunni og Smáralind Laugardaginn 11. mars. Félagar úr Lions klúbbunum Fold, Úu, Nirði, Muninn, Ýr og Garði hjálpuðust að við þetta verkefni. Einnig var haldin kynning á Lions í Nettó í Reykjanesbæ

Sama er hjá klúbbunum í Borgarnesi en þeir buðu til opins fundar og kaffi þann 8. apríl sl.

Fyrirhugað er að halda áfram þessum kynningum og eru klúbbar á öllu landinu hvattir að vera með kynningu, en þetta t.d. kjörið svæðaverkefni þar sem klúbbar á svæðum geta unnið saman.

Endilega hafið samband við Hörð eða Pálma, sem munu hjálpa ykkur eftir fremsta megni að koma þessu af stað. Búið er að útbúa nýjan kynningarbækling sem hægt er að nálgast á Lions skrifstofunni og er gott að dreifa honum á þessum kynningum. Þá er einnig hægt að fá að láni kynningastanda þar sem kemur fram það helsta sem við leggjum áherslu á afmælisárinu.

Ungmennaskiptin

Ungmennabúðir Lions fóru fram 14. – 28. júlí s.l. í umdæmi 109B á svæði sex.

Gistu þrettán ungmenni á aldrinum 17-20 ára af báðum kynjum að Hrafnagili í Eyjafirði.

Þátttakendur komu frá ellefu þjóðlöndum. Tvö voru frá Spáni, tveir frá Ítalíu og svo frá Ungverjalandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi, Hollandi, Belgíu, Finnlandi og Póllandi.

Að skipulagningu Ungmennabúðanna komu alls 9. klúbbar, Lkl. Hængur, Lkl. Sunna, Lkl.

Húsavíkur, Lkl. Dalvíkur, Lkl. Hrærekur, Lkl. Vitaðsgjafi, Lkl. Akureyrar, Lkl. Ylfa og Lkl. Ösp.

Breyting er á staðsetningu ungmennabúðanna sem verða hjá okkur í sumar, en áætlað var að þær yrðu á Vestfjörðum þetta árið. Þar sem Vestfirðingar gáfu verkefnið frá sér var það svæði 3 í

umdæmi 109B sem tók verkefnið að sér, þó svo skammur tími væri til undirbúnings og

skipulagningar. Munu ungmennin gista í grunnskólanum í Ólafsvík en klúbbarnir á svæðinu

munu sjá um dagskrána og afþreyingu fyrir ungmennin. Sigrún Ólafsdóttir svæðisstjóri á svæði 3 á kærar þakkir skildar fyrir skjót viðbrögð, en Sigrún er manneskja sem hugsar í lausnum.

Hingað hafa borist umsóknir frá mörgum þeirra landa sem gerðir voru samningar við í Búlgaríu sl. haust og má búast við að hingað komi 11-12 ungmenni í búðirnar. Eins er von á ungmenni frá Japan í ágúst.

Blóðsykurmælingar

Föstudaginn 11.nóvember setti forseti Ísland, Guðni Th Jóhannesson í gang í Garðabænum, blóðsykurmælingar Lions og lét mæla sig. Lkl.Eik var þar að taka þátt í blóðsykurmælingum í fyrsta sinn og er það vel. Mikil vakning er meðal fólks á Íslandi varðandi blóðsykurmælingar og því gott tækifæri fyrir Lions að vekja athygli almennings á Lions og hvað við stöndum fyrir. Nú tókst vel til um 40 Lionsklúbbar tóku þátt, nær 5000 mælingar. Þetta verkefni er tímafrekt en fulltrúar okkar í umdæmunum, Hörður og Birgir stóðu sig vel.

Námstefna um ólæsi

5.nóvember stóð Lionshreyfingin fyrir málþingi í Reykjanesbæ, **Börn í áhættu: Lestrarvandi**. Þetta lestrarátak er alþjóðlegt Lionsverkefni: Barátta gegn treglæsi. En það er í fyrsta skipti sem þetta var haldið utan höfuðborgarinnar. Fjölmundæmisstjóri setti málþingið. Fyrirlesarar voru þau, Helgi Arnarson fræðslustjóri Reykjanesbæjar, Hrund Hjaltadóttir lestrarátaksstjóri Lions, Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur og formaður Ibby á Íslandi, Sigrún Jóhannsdóttir talmeinafræðingur og framkvæmdastjóri TMF Tölvumiðstöðvar og Hrefna Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri Heimilis og skóla.

Þann 25.febrúar stóð Lionshreyfingin fyrir málþingi, **Börn í áhættu: Lestrarvandi**, í annað sinn á þessu starfsári, Að þessu sinni var það haldið á Akureyri. Björn Guðmundsson fyrsti varaumdæmisstjóri 109B setti málþingið. Fyrirlesarar voru þau, Soffía Vagnsdóttir fræðslustjóri á Akureyri, Hrund Hjaltadóttir lestrarátaksstjóri Lions, Halldóra Haraldsdóttir dósent við kennaradeild HA, Gerður Jónsdóttir félagi í Lkl.Ylfu, Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir sérfræðingur á miðstöð skólaþróunar við HA, Sigríður Margrét Hlöðversdóttir, skólasafnskennari og Sigríður Magnúsdóttir deildarstjóri. Fundarstjóri var Dagný S. Finnsdóttir lestrarátaksfulltrúi 109B. Ég vil þakka lestrarátaksteyminu þeim Hrund, Dagnýju og Jórunni kærlega fyrir þeirra framlag.

Konur í Lions

10.nóvember var haldið málþing í Lionssalnum Lundi í Kópavogi, **Konur og Lions**. Hvað dregur konur að Lions ? Fyrirlesarar voru þau, Margrét S. Björnsdóttir aðjúnkt við stjórnmaláfræðideild Háskóla Íslands, Guðrún Björt Yngvadóttir 2.vara-alþjóðforseti Lionshreyfingarinnar, Björg Bára Halldórsdóttir umdæmisstjóri 109B, Edda Ruth Waage Lkl.Seylu og Sigþór Hallfreðsson formaður Blindrafélagsins. Þökkaleg mæting var á þingið sem tókst vel í alla staði.

Umhverfismál

Norræni strandhreinsunardagurinn verður haldinn laugardaginn 6.maí n.k. á Snæfellsnesi. Mánudaginn 6.mars var farið í könnunarleiðangur í fjörur á Snæfellsnesinu. Þetta er verkefni sem öll Norðurlöndin taka þátt í. Þetta er samstarfsverkefni Landverndar, Lionshreyfingarinnar, Bláa hersins (Tómas Knútsson), sveitarfélaga, fyrirtækja, ferðamálasamtaka á Snæfellsnesi ásamt fleirum. Áhersla er lögð á að fjarlægja allt plast af strandlengjunni í kringum Ísland. Þetta er frumverkefni og var ákveðið að byrja á að hreinsa Snæfellsnesið.

Orkester Norden

Gerður Jónsdóttir menningastjóri, sér um þennan málaflokk og sendir hún klúbbum bréf þar sem óskað er eftir styrk. Aðeins geta fimm einstaklingar fengið styrk til að taka þátt á hverju ári.

Orkester Norden er eitt af mörgum norrænum samstarfsverkefnum Lionshreyfingarinnar.

Upphafið á sér rætur í Svíþjóð á árunum 1986–1987 þegar þáverandi alþjóðaforseti fól sænskum Lionsfélaga, Lennart Fridén, að finna samnorrænt verkefni fyrir ungt fólk á aldrinum 15 -25 ára.

Lennart, sem var skólastjóri við tónlistarskóla, datt strax í hug að sameina ungt fólk í tónlist með því að koma á laggirnar símfóníuhljómsveit í hæsta gæðaflokki. Orkester Norden er nú skipuð hæfileikaríku ungu fólki frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum.

Við setningu NSR þingsins hér í janúar, spiluðu íslensk ungmenni sem spilað hafa með Orkester Norden, símfóníuhljómsveit ungs fólks frá Norðurlöndunum.

Mjög gaman var að heyra hversu flott okkar tónlistarfólk er.

Laganefnd

Nú er lokið við þýðingu á lögum fyrir Lions á Íslandi, en þýðingin er byggð á alþjóðalögum Lions. Þessi lög verða lögð fyrir þingheim til samþykktar á þinginu í apríl.

Mig langar að þakka Áslaugu Þórarinsdóttur formanni laganefndar og öðrum nefndarmönnum fyrir vel unnin störf við undirbúning og þýðingu laganna.

Lionsblað

Þorkell Cýrusson ritstjóri fór sem ritstjóri á ráðstefnu ritstjóra Lionsblaða í Berlín síðast liðið haust. Þarna hitti hann ritstjóra frá öðrum löndum og kynntist þeim og þeirra starfi. Honum varð fljótlega ljóst að hlutverk Lionsblaða, er ákaflega mismunandi í þeim löndum sem þau eru gefin út í, miðað við hvaða hlutverk það hefur hér á Íslandi. Hér á landi er Lionsblaðið fyrst og fremst vettvangur félaganna til að koma upplýsingum um starf klúbbanna til annarra félaga. Annars staðar er lögð minni áhersla á þennan þátt og er jafnvel ekki nema ein síða með stuttum dálkum án mynda sem fjallar um starfsemi klúbbanna.

Eitt eiga þó öll blöðin sammerkt, þar eru greinar sem yfirstjórn alþjóðahreyfingarinnar setur í blöðin. Þetta eru greinar sem alþjóðaforseti skrifar og eins er fjallað um málefni LCIF (alþjóðahjálparsjóðinn). Það er skilyrði til þess að klúbbar fái styrk til útgáfu blaðanna í heimalöndum sínum að þessar greinar séu birtar þýddar á tungumál landanna. Alþjóðastjórn hefur ákveðið að lækka styrk hvers lands um fjórðung sem gerir það að verkum að við getum aðeins gefið út fjögur prentuð blöð á hverju starfsári. Á móti kemur að öll blöð verða gefin út á rafrænu formi og við munum eftir sem áður gefa út 6 blöð ár hvert, 4 prentuð og 2 rafræn. Reyndar verða öll blöðin rafræn. Í haust þegar að við gefum út okkar fyrsta rafræna blað getum við sótt smáforrit (app) á netið og lesið blaðið í hvaða nettengdu tæki sem er þ.e. síma, spjaldtölvu og tölvu. Þetta smáforrit verður okkur að kostnaðarlausu og fyrir suma verður þetta mikil hagræðing en ekki fyrir alla. Sumir félagar okkar hafa ekki aðgang að tölvu né snjallsíma og munu þeir því einungis fá 4 prentuð blöð á ári. Þetta er sem sagt sá veruleiki sem blasir við okkur og þurfum við að setta okkur við þetta.

Leiðtogamál

Helgina 11-12. febrúar var fyrri helgin í Leiðtogaskóla Lions, en um 23 félagar voru skráðir í skólann þetta árið. Seinni helgin var síðan 11-12.mars. Í þetta sinn var hann haldin á Radisson Blu Hótel Sögu. Það er GLT stjóri fjölumdæmisins Halldór Kristjánsson sem stýrir skólanum ásamt öflugum hópi kennara.

Lestraráttak Lions

Lestraráttakið fór af stað fimmta árið í röð, en þetta er tíu ára verkefni.

Nemendur í fimmta bekk í grunnskólum landsins fá afhent bókamerki. Hrund Hjaltadóttir er lestrarátaksstjóri og með henni í þessu verkefni eru, Jórunn Guðmundsdóttir lestrarátaksfulltrúi 109A og Dagný Finnsdóttir lestrarátaksfulltrúi 109B.

Heimsókn alþjóðaforseta

Alþjóðaforseti Bob Corlew heimsótti okkur ásamt Dianne eiginkonu sinni dagana 23-26 ágúst. Farið var meðal annars, á Barnaspítala Hringsins, Blindraheimilið, opið hús í Lionsheimilinu, trjáplöntun hjá félögum í Lkl.Ásbirni í Hafnarfirði, síðan heimsóttu þau hjón Lionsfélaga í Sandgerði, Garði og Reykjanesbæ, en þar gróðursetti alþjóðaforseti tré í Paradís, gróðurreit Lkl.Njarðvíkur.

Lionsþing

62.þing Lionshreyfingarinnar verður haldið í Reykjavík 21-22.apríl á Radison Blu Hótel Sögu. Formaður þingnefndar er Halldór Runólfsson. Kristinn Hannesson protocol og þingstjóri hefur í samstarfi við þingnefndina unnið gott starf við skipulagningu þingsins.

Ég hvet verðandi stjórnarmenn að mæta í skólana.

Það er alltaf eitthvað nýtt sem við lærum á hverju ári í skólanum.

Á laugardagskvöldinu verður hátíðarkvöldverður sem er í höndum aldarafmælisnefndarinnar.

Lionsheimilið

Í byrjun starfsárs fengum við tilboð í Sóltún 20 sem við í fjölumdæmisstjórn höfnuðum, en gerðum gagntilboð upp á 43,5 milljónir sem var samþykkt, með fyrirvara um að tilboð okkar í Hlíðasmára 14 upp á 48 milljónir yrði samþykkt. Þetta gekk allt eftir.

Í lok september fengum við afhent nýja húsnæðið okkar að Hlíðasmára 14, en undirbúningur varðandi breytingar á húsnæðinu hófust strax.

Þann 1.desember flutti Lionshreyfingin á Íslandi starfsemi sína úr Sóltúni 20 í nýtt húsnæði að Hlíðasmára 14 í Kópavogi. Vinna við breytingar gengu ekki sem skildi, en eftir mikla vinnu var allt klárt í lok mars. Guðmundur Helgi Gunnarsson samþykkti að stjórna breytingum á húsnæðinu og á hann miklar þakkir skilið fyrir allt sitt mikla framlag við breytingarnar.

Einnig vil ég þakka, Jóni Pálmasynti, Guðjóni Jónssynti, Hjálmi Flosasyni, Lofti Inga Sveinssyni og ykkur hinum sem lögðu hönd á plóginn við að klára að koma þessu í verk.

Ég hvet Lionsfélaga til þess að kíkja við og skoða nýtt húsnæði hreyfingarinnar.

Skrifstofa Lionshreyfingarinnar

Kolfinna Guðmundsdóttir skrifstofustjóri og Magnea Halldórsdóttir, stelpurnar á skrifstofunni eru ánægðar og líður mjög vel á nýja staðnum í Hlíðasmáranum. Mig langar að þakka þeim kærlega fyrir alla þá aðstoð sem þær hafa veitt á þessu starfsári.

Lokaorð

Þetta starfsár er senn á enda og er óhætt að segja að það hafi verið frekar annasamt.

Hef ég átt gott og ánægjulegt samstarf við félagamínna í fjöllumdæmisráði og alla þá sem ég hef leitað til og fyrir það vil ég þakka.

Gunnari Vilbergssyni umdæmisstjóra 109A, Margréti Gísladóttur eiginkonu hans, Björgu Báru Halldórsdóttur umdæmisstjóra 109B og Sigurjóni Bjarnasyni eiginmanni hennar, þakka ég kærlega fyrir ánægjulegt samstarf í vetur. Mig langar aftur að þakka, Guðmundi Helga Gunnarssyni fjöllumdæmisritara mínum og eiginkonu hans Hrund Hjaltadóttur ritara mínum á fundum fjöllumdæmisstjóra Norðurlandana fyrir veturinn, en samstarf okkar hefur verið með eindæmum gott. Þeim heiðurshjónum, Guðrúnu Björt Yngvadóttur 2.vara alþjóðaforseta og Jóni Bjarna Þorsteinssyni vil ég þakka fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Elskulegri eiginkonu minni, Hafdísu Friðriksdóttur vil ég þakka sérstaklega fyrir að hafa staðið þétt við bakið á mér allan þennan tíma. Þessi tími sem ég hef starfað í yfirstjórn hreyfingarinnar hefur verið afar ánægjulegur og lærdómsríkur.

Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri, að gegna embætti fjöllumdæmisstjóra og hef ég lagt mig allan fram við að gera mitt besta.

Jóni Pálmasyni viðtakandi fjöllumdæmisstjóra, Ellert Eggertssyni og Birni Guðmundssyni viðtakandi umdæmisstjórum óska ég velfarnaðar í þeirra embættum.

Árni Brynjólfur Hjaltason
Fjöllumdæmisstjóri fjöllumdæmis 109